

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag frístundabyggðar, Kerhraun svæði E, Grímsnesi.*
Gert er ráð fyrir 71 lóð, 4.517 til 6.950 m², á rúmlega 50 ha svæði. Á hverri lóð má reisa frístundahús og allt að 25 m² geymslu- eða gestahús. Hámarksnýtingarhlutfall miðast við 3% af flatarmáli lóða.
Samþykkt í sveitarstjórn 23. nóvember 2006.
2. *Deiliskipulag golfvallar í landi Minni-Borgar í Grímsnesi.*
Gert er ráð fyrir 18 holu golfvelli á 60 ha svæði.
Einnig er gert ráð fyrir, golfskála, æfingaskýli, áhaldahúsi, bílastæðum, æfingasvæði og 17 byggingareitum í tveimur þyrpingum fyrir frístundahús sem eru ætluð til útleigu fyrir golfvallargesti.
Samþykkt í sveitarstjórn 15. mars 2007.
3. *Deiliskipulag frístundalóðar í landi Galtar við Hestvatn, Grímsnesi.*
Gert er ráð fyrir 26.000 m² lóð með tveimur byggingareitum. Reisa má 280 m² frístundahús á einni hæð og 110 m² bílskúr á öðrum byggingareitnum og 180 m² bátaskýli á hinum.
Samþykkt í sveitarstjórn 15. mars 2007.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 23. apríl 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 7. maí 2007